

ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR
RITARAEILDIN

17. maí 2009

Til allra andlegra þjóðarráða

Kæru bahá'í vinir

Í Ríðvánboðunum 2008 talaði Allsherjarhús réttvísinnar um aukin áhrif þess hreyfiafls sem leiðir af samverkun hinna þriggja þátttakenda fimm ára áætlunarinnar. Nítjándagahátíðin hefur ekki farið varhluta af þessum aukna krafti. Hvarvetna er helgistund hátíðarinnar gædd meiri andlegri dýpt sem sprottið hefur af persónulegu bænahaldi og reglulegum helgistundum. Stjórnarfarslegi hlutinn er líflegur vegna fréttu af framgangi málstaðarins, og vegna þess að kappsamir átrúendur af fjölbreyttum bakgrunni sem verið hafa bahá'íar til lengri og skemmri tíma og tekið þátt í bahá'í starfi, deila innsýn sinni. Félagslegi hlutinn er vaxinn upp úr kurteislegum formlegheitum og orðinn að gleðilegum endurfundum kærna vina, félaga sem reynt hefur verið á, sem hafa sameiginleg markmið og eiga samræður auðgaðar andlegu innihaldi.

Í áætluninni hefur Allsherjarhúsið brugðist við spurningum sem upp hafa komið varðandi nítjándagahátíðina og lýst því hvernig beita meg nokkrum grundvallarreglum í stöðugt vaxandi samfélagi fólks úr öllum þjóðfélagsstigum með fjölbreyttan bakgrunn. Þar sem svörin gætu vel gagnast öllum þjóðarráðum höfum við verið beðin að skrifa ykkur eftirfarandi.

Dreifstýring hátíða í borgum og bæjum

Dreifstýring nítjándagahátíðarinnar í borgum, þar sem stór hluti mannkynsins býr nú, er óhjákvæmileg afleiðing vaxtar trúarinnar og markvert skref í lífrænni þróun svæðissamfélagsins. Það ætti að fara varlega í þessar breytingar í samfélögum þar sem fjöldi átrúenda er lítill, en svæðisráðin ættu heldur ekki að finna sig knúin til að halda nítjándagahátíðir á miðlægum stað ef það er ekki lengur hagstætt. Breyting sem þessi getur verið nauðsynleg þegar takmarkaður tími eða aðstæður hindra að hinir þrír hlutar hátíðarinnar séu haldnir með viðeigandi hætti, ekki hvað síst sá hluti sem verið er í samráð um málefni samfélagsins. Reynslan fram að þessu hefur sýnt fram á heilnæm áhrif þess að dreifa hátíðarhaldinu sem sjá má af aukinni þátttöku, bættum vináttutengslum og á vaxtarferlinu almennt. Jafnvel þótt sumir átrúendur kunni

að sakna eldmóðsins sem verður til við þátttöku í stórum samkomum samfélagsins er hægt að mæta þeirri þörf við önnur tækifæri sem ráðin skipuleggja.

Í þessu sambandi viljum við beina athygli ykkar að skilaboðunum frá 27. desember 2005 frá Húsi réttvísinnar, þar sem bent er á að samfara auknum vexti trúarinnar á heimsvísu þurfi að skipta borgum í sífellt minni einingar og hugsanlega að lokum eftir hverfum, til að auðvelda skipulag og framkvæmd. Í skilaboðunum er bent á að þessar minni einingar yrðu ekki einungis vettvangur almennrar starfsemi, heldur yrðu þar einnig haldnar nítjándagahátíðir. Nú þegar eru nítjándagahátíðir haldnar í hverfum í ýmsum borgum.

Að skipta svæðissamfélaginu niður í hverfi til að halda í þeim nítjándagahátíðir er ekki vandalaust. Í mörgum borgum heimsins hafa þættir s.s. kynþáttur, þjóðernisuppruni og fjárhagur áhrif á búsetu fólks. Svæðisráðin verða að gæta þess að rótgróin skipting fólks í hinu ytra samfélagi sé ekki fest í sessi í bahá'í samfélaginu. Á sama hátt verður ráðið að hafa hugfast að átrúendur sem nýlega eru komnir í samfélagið eiga auðveldara með að rækta með sér löngun til að axla ábyrgð gagnvart þörfum trúarinnar í umhverfi sem þeir eru kunnugir nærri heimili sínu.

Þegar svæðisráð ákveður að skipta nítjándagahátíðinni upp á fleiri staði, verður það að ákveða hvernig andlegi hlutinn verði skipulagður og hvernig skýrslum, fréttum og tilkynningum verði komið á framfæri. Almennu efni fyrir stjórnarfarshluta hátíðarinnar væri yfirleitt dreift í hverjum bahá'í mánuði til allra staða þar sem hátíðin er haldin, þ.á.m. um sérstök málefni eða spurningar sem þarf að ræða. Svæðisráðið ætti auk þess að reyna að tryggja að samráðið á hverjum stað sé frjótt og árangursríkt, að viðhorf átrúenda komist á framfæri og að það bregðist við tillögum með ástríku og uppbyggjandi hætti. Í því skyni getur svæðisráðið útnefnt einn eða fleiri til að koma fram fyrir sína hönd til að stýra samkomunni, skrá niðurstöður samráðsins og taka við framlögum í sjóðinn.

Val á tungumáli

Almennt ætti að halda nítjándagahátíðir og aðrar formlegar samkomur bahá'ía á því máli sem fólkið á staðnum talar. Eftir því sem efnahags- og félagslegar aðstæður fólks um heim allan breytast, er þó ekki ólíklegt að sífellt fleira fólk neyðist til að flytja til borga og þar myndist borgarhverfi minnihlutahópa þar sem hver hópur talar sitt tungumál. Þetta má þegar sjá, t.a.m. meðal spænskumælandi íbúa í Norður Ameríku og ættbálkahópa í Afríku. Þegar hátíðum er dreifstýrt við slíkar aðstæður kann eðlilega að koma upp sú spurning hvort nota megi mál minnihlutahópsins sem er fjölmennastur í hverfinu. Á þessu stigi vill Allsherjarhúsið ekki fastsetja reglur um þetta og það er svæðisráðsins að

ákvarða í samræmi við leiðsögn þjóðarráðsins hvernig eigi að taka á málum en það ætti að vera sveigjanlegt í nálgun sinni og viðhafa lærdómshugarfar.

Að sjálfsögðu vilja svæðisráð, hvort sem hátíð er haldin miðsvæðis eða á fleiri stöðum, að allir finni sig sem meðlimi sameinaðs samfélags óháð tungumálamun og þau munu leggja sitt af mörkum til þess að skapa aðlaðandi andrúmsloft á hátíðum. Í þeim tilgangi kæmi vel til greina að í helgistund hátíðarinnar væru ritningar á þeim ólíku tungumálum sem vinirnir tala. Auk þess þarf að finna viðeigandi leiðir til að koma helstu skilaboðum og tilkynningum á framfæri við átrúendur sem ekki eru altalandi á því máli sem hátíðin fer fram á. Í samráðshlutanum ætti að gefa þeim færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, á sínu eigin tungumáli ef þess þarf. Það ætti að vera hægt að bjóða upp á nauðsynlega túlkun án þess að það komi niður á flæði fundarins.

Viðvera þeirra sem ekki eru bahá'íar

Nítjándagahátíðin er stofnun trúarinnar, sem gegnir m.a. því hlutverki að vera vettvangur fyrir bahá'í samfélagið til að fjalla um málefni sín á opinskáan hátt, án þess að óttast að valda misskilningi meðal þeirra sem þekkja lítið til markmiðs hennar. Það er þess vegna sem þátttaka er takmörkuð við meðlimi bahá'í samfélagsins.

Almennt er átrúendum ráðið frá því að bjóða þeim sem ekki eru bahá'íar til hátíðarinnar. Vinir trúarinnar geta þó komið án þess að þeirra sé vænst og þeim á ekki að vísa í burtu. Í anda kurteisi og vináttu ættu þeir að fá hlýjar móttökur. Í þessu ljósi var óvæntum gestum sem sjaldgæft var að kæmu áður fyrr, boðið að taka þátt í andlega og félagslega hluta hátíðarinnar, en þeir beðnir að vera ekki viðstaddir stjórnarfarshlutann eða þeim hluta var með öllu sleppt.

Nú þegar aðgerðarammi áætlunarinnar er orðinn fastur í sessi svo víða og aukinn fjöldi fólks hefur aðgang að bahá'í samfélagslífi í gegn um grunnþættina, eru stórauknar líkur á að þeir sem eru nálægir trúnni frétti af nítjándagahátíðum og mæti á þær. Allsherjarhús réttvísinnar hefur ákveðið að í slíkum tilfellum eigi þeir sem stjórna hátíðinni að aðlaga stjórnarfarshluta að þörfum gestanna, frekar en að sleppa honum alveg eða biðja gesti um að fara. Hægt er að deila fréttum af svæðis- og landsvísu, ræða um almenn efni s.s. kennslu, þjónustuverkefni og sjóðinn eins og vant er en umræða um viðkvæm málefni tengd þessum efnum eða öðrum mega bíða annars tíma þegar vinirnir geta tjáð sig frjálsglega án þeirra hindrana sem fylgt geta viðveru gesta.

Svipaða leið má fara með stjórnarfarshlutann þar sem hátíðin er haldin á heimili fjölskyldu þar sem einhverjir í fjölskyldunni eru ekki bahá'íar. Það ætti að tilheyra undirbúningi slíkrar hátíðar að hugleiða vandlega, annars vegar þátt

gestrisni og kærleika og hins vegar trúnaðs og óþvingaðrar umræðu um mikilvæg og viðkvæm málefni. Svæðisráðið ætti í samráði við átrúendur í slíkum fjölskyldum að leggja sig fram um að leysa hvert tilvik á viðunandi hátt.

Að byggja upp reynslu

Áframhaldandi vöxtur bahá'í samfélagsins á næstu árum mun án efa hafa í för með sér margar áskoranir sem hafa áhrif á hvernig andlegum, stjórnarfarslegum og félagslegum hluta nítjándagahátíðanna á ólíkum stöðum verður hagað. Sú ábyrgð hvílir fyrst og fremst á svæðisráðunum að takast á við þessar áskoranir. Þeim ber að vera vakandi fyrir stöðu samfélagsins, að eiga samráð við vinina, koma af nærgætni til móts við hinar fjölmörgu þarfir og aðstæður, og vera sveigjanleg án þess að gefa eftir varðandi grundvallaratriði. Í þessu sambandi er eðlilegt að þau leiti ráða hjá aðstoðarráðgjöfunum. Þjóðarráðin munu, í samstarfi við álfuráðgjafana, fylgjast náið með þróun mála, kynna sér aðgerðir á hinum ýmsu svæðum, greiða fyrir því að með lærdómi skýrist hvaða leiðir séu árangursríkastar til lengdar, leiðbeina og hvetja.

Við eigum að fullvissa ykkur um bænir Allsherjarhúss réttvísinnar í hinum heilögu grafhýsum um að Hin blessaða fegurð megi staðfesta viðleitni ykkar er þið leiðbeinið vinunum við að sinna þeirri brýnu ábyrgð að efla málstað Guðs um allan heim.

Með kærum bahá'í kveðjum,

Ritaradeildin